



FRÁ TJÖRNESI

(1934)

Í sumar sem leið fannst *Portlandia* enn, þannig að mikill fróðleiksauki er að. Það var norður á Tjörnesi; en finnandinn hinn áhugasami jarðfræðingur og ferðagarpur Jóhannes Áskelsson. Fann Jóhannes skelina í leirsteini við Breiðuvík, norðan til á nesinu. Próf. Guðm. heitinn Bárðarson, sem svo aðdáanlega hefir rannsakað skeljalögin á Tjörnesi, hafði borið brigður á mitt mat á jarðmyndun þarna við Breiðuvíkina; en *Portlandia* tekur af öll tvímæli. Kuldaskelin sýnir, að leirsteinninn þarna er mun yngri en skeljalögin vestan á þessu stórfróðlega nesi. En þó er leirsteinn þessi mörgum þúsundum ára eldri en ísaldarmenjar þær, sem hér á landi voru kunnar um síðustu aldamót, er próf. Porv. Thoroddsen hafði lokið rannsóknum sinum.